



Skýrsla og aðgerðaáætlun

Innleiðing Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Akureyri 2018-2019

Efnisyfirlit

Orðskýringar	3
Skýrsla vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna	5
Hvað eru barnvæn sveitarfélög	6
Innleiðingarferlið	9
Framkvæmd fyrstu skrefa innleiðingarferlis	10
Kortlagning og helstu niðurstöður	11
Stórþing barna	12
Rýnihópar barna	13
Önnur gögn.....	14
Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar 2018-2019.....	17
Raddir barna	18
Samgöngur	19
Geðheilbrigðismál ungmenna	20
Ungmennaráð	21
Skóla- og nemendaráð	23
Stjórnarsýsla	24
Fræðsla	26
Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna	28
Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF.....	29
Barnvæn sveitarfélög í barnvænum heimi	31

Orðskýringar

Aðgerðaáætlun	Aðgerðaáætlun fjallar um verkefni og verkþætti sem vinna skal að til þess að ná tilteknum markmiðum. Þar er skilgreint hver ber ábyrgð á tiltekinni aðgerð og hver hefur umsjón með framkvæmd.
Aðgerð	Aðgerð er leið að markmiði
Ábyrgð	Ábyrgðaraðilar markmiða, bera endanlega ábyrgð.
Árangursviðmið	Árangursviðmið eru sett fram í samfelldu máli. Árangursviðmiðin eru vísbendingar um að aðgerðir séu í vinnslu samkvæmt markmiði og/eða markmiðum þeirra mætt.
Innleiðingarferli	Skipulag um framkvæmd og innleiðingu stefnu.
Kortlagning	Grundvöllur aðgerðaáætlunar verkefnisins og býr til ramma fyrir gagnaöflun sem stuðst er við í innleiðingarferlinu.
Könnun	Með könnun (skoðanakönnun eða spurningakönnun) er safnað saman upplýsingum og gögnum um skoðanir, viðhorf og þekkingu frá einstaklingum og hópum.
Markmið	Markmið eru sett fram í samfelldu máli, ýmist huglæg eða hlutlæg.
Tímarammi	Aðgerðir ber að framkvæma innan tilsetts tímaramma. Sumar aðgerðir eru ávallt í framkvæmd.
Umsjón	Umsjónar- og framkvæmdaaðilar aðgerða, bera ekki endanlega ábyrgð.

Samráð	Hagsmunaaðilar sem málið varðar, innan og utan stjórnkerfisins. Þátttaka þeirra stuðlar að betri samstöðu og eykur líkur á að markmið náist.
Stýrihópur	Stýrir vinnunni sem bakhjarl og verkefnishópur. Skipaður fulltrúum frá flestum stofnunum Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna ásamt pólitískum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði. Allar ákvarðanir sem snúa að framkvæmd verkefnisins eru teknar á fundum af stýrihópnum. Forgangsráðar helstu markmiðum aðgerðaáætlunar verkefnisins. Skilar skýrslu til UNICEF, þar sem farið verður yfir ferli innleiðingarinnar og hvernig framkvæmd miðar.
Stöðumat	Aflað er víðtækra upplýsinga um viðfangsefnið og umhverfi þess. Komist er að samkomulagi eða sameiginlegri sýn náð á hver staðan raunverulega er.
Verkefnisstjóri	Sá sem leiðir stýrihópin áfram að lokaafurð. Verkefnisstjórinn samhæfir starf stýrihópsins, er tengiliður við umboðsaðila og ber ábyrgð gagnvart honum/henni. Verkefnisstjóri hefur yfirsýn yfir verkefnið. Verkefnisstjóri útteilir verkefnum og viðfangsefnum sem þarf að inna af hendi, miðlar upplýsingum, skipuleggur, kynnir afurðir o.fl.
Þátttakendur	Þátttaka þeirra sem stuðla að betri samstöðu og eykur líkur á að áætlunin komist til framkvæmda. Hagsmunaaðilar sem málið varðar geta verið margir, innan og utan stjórnkerfisins.

Skýrsla vegna innleiðingar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna

Þessi skýrsla er ætlað að útskýra gang innleiðingarferlis Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og kynna aðgerðaáætlun verkefnisins barnvæn sveitarfélög. Skýrslan skilgreinir þau skref sem nauðsynleg eru til að byggja upp staðbundið stjórnkerfi sem skuldbindur sig til að uppfylla þau skilyrði sem fylgja því að innleiða Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Hugmyndin um barnvæn sveitarfélög er jafngild í öllum samfélögum þar sem börn búa, hvort sem þau eru stór eða smá, þéttbýl eða dreifbýl.

Markmið verkefnisins er að bæta líf barna í dag með því að fræða stjórnkerfi sveitarfélaga um réttindi barna og hvernig nýta megi Barnasáttmálann til að bæta sífellt gæði þjónustu við börn. Verkefnið miðar einnig að því kenna börnum að þekkja réttindi sín og styrkja þau til að breyta samfélaginu til góðs til lengri tíma lítið. Verkefnið barnvæn sveitarfélög varð til í framhaldi af mikilvægri þróun, hraðri umbreytingu, þéttbýlismyndun samfélaga og vaxandi ábyrgð sveitarfélaga. Verkefnið stuðlar að innleiðingu Barnasáttmálans á þann hátt sem hefur hvað mest og bein áhrif á börn og ungmenni.

Innleiðingarferlið og að lokum viðurkenning frá UNICEF á Íslandi þýðir að Akureyrarbær hafi náð því takmarki að verða barnvænt sveitarfélag. Því er um leið ætlað að hámarka lífsgæði allra íbúa samfélagsins, ekki einungis barna. Akureyrarbær tók við verkefninu snemma árs 2016 og var þá stofnaður stýrihópur sem samanstóð af fulltrúum frá flestum stofnunum Akureyrarbæjar sem koma að málefnum barna ásamt pólitískum fulltrúum og fulltrúum úr ungmennaráði. Allar ákvarðanir sem snúa að framkvæmd verkefnisins eru teknar á fundum af stýrihópnum. Að auki var ráðinn verkefnastjóri sem stýrir innleiðingarferlinu og hefur yfirumsjón með verkefninu.

Hvað eru barnvæn sveitarfélög

Barnvæn sveitarfélög er verkfærakista og líkan sem styður við innleiðingu Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í stjórnsýslu og starfsemi sveitarfélaga. Hugmyndafræði verkefnisins byggir á Child Friendly Cities, sem er alþjóðlegt verkefni UNICEF. Það verkefni hófst árið 1996 og hefur verið innleitt í hundruði sveitarfélaga um allan heim. Barnvænt sveitarfélag skuldbindur sig til framkvæmdar á aðgerðaáætlun sem unnin er í innleiðingarferlinu með það að markmiði að gera Barnasáttmálann að rauðum þræði í öllu sínu starfi. Þá er Barnasáttmálinn notaður sem gæðastjórnunarverkfæri í stefnumótun og þjónustu með tilliti til barna.

Uppbygging barnvænna sveitarfélaga er falin í innleiðingarferli Barnasáttmálans og framkvæmdar aðgerðaáætlunar um réttindi barna sem samþykkt er af bæjarstjórn. Það er hagnýtt ferli sem felur í sér virka þátttöku barna að byggja upp barnvæn sveitarfélög. Íslenska ríkið skuldbindur sig gagnvart börnum undir merkjum sáttmálans, sem fullgiltur var hér á Íslandi árið 1992 og lögfestur árið 2013. Borgar- og bæjarstjórnnum ber að leiða ferlið og innleiða sáttmálann í sínu sveitarfélagi, öðruvísi verður hann aldrei innleiddur að fullu í íslenskt samfélag. Sveitarfélögin annast stærstan hluta þeirrar þjónustu sem hefur bein áhrif á daglegt líf barna. Það er þó ekki hægt að innleiða barnvæn sveitarfélög einungis í gegnum stjórnkerfið, það verður að vera samtalið við börnin sjálf, við fjölskyldur þeirra og alla þá sem umgangast börn og hafa áhrif á líf þeirra.

Reynslan bendir til þess að innleiðingarferlið geti hafist á ýmsa vegu: að ofan og niður – frá bæjarstjóra eða bæjarstjórn, skipulagt á þann veg að það nái til allra stjórnstiga innan sveitarfélagsins; að neðan og upp – frá hverfum innan sveitarfélagsins, leitt af börnum sem vilja fá uppfylltan rétt sinn til leiks og öryggis innan bæjarmarka. Í flestum tilvikum er þó stuðst við blöndu af ólíkum nálgunum. Akureyri styðst við báðar nálganir, þar sem rætt er við stjórnendur, kennara, ungmenni og börn.

Ramma aðgerðaáætlunarinnar er ætlað að styðja við alla þætti stjórnsýslunnar og aðstoða bæjaryfirvöld við að skapa barnvænt samfélag á öllum sviðum stjórnháttá, umhverfis og þjónustu. Pólítískar skuldbindingar og aðgerðir bæjarstjórnar eru grundvallaratriði við innleiðingu Barnasáttmálans. Innleiðingarferlið gerir ráð fyrir uppfyllingu ákveðinna þátta, þeir eru:

- Þátttaka barna: Stuðla að virkri þátttöku barna í málefnum sem snerta þau, hlusta á skoðanir þeirra og vilja og taka réttmætt tillit til þeirra í ákvarðanatöku.

- Samræming vegna réttinda barna: Þróa varanleg kerfi innan sveitarfélaga til að tryggja að sjónarhorn barna hljóti forgang.
- Barnvæn fjárlagagerð: Tryggja fullnægjandi úrræði og fjármagnsgreiningu fyrir börn.
- Gagnasöfnun og mælikvarði á velferð barna: Tryggja eftirlit og gagnasöfnun um stöðu barna og réttindi þeirra.
- Kunngera réttindi barna: Tryggja þekkingu á réttindum barna og Barnasáttmálanum meðal fullorðinna og barna.
- Réttindagæslumaður barna innan sveitarfélagsins: Efla þekkingu á réttindum barna og vera talsmaður þeirra innan sveitarfélagsins.

Hagnýt kynning á mikilvægi þess að börn taki virkan þátt í allri samfélagsþróun skiptir miklu máli í innleiðingarferli sáttmálans og undirstrikar mikilvægi þess að allir íbúar sveitarfélagsins fái viðeigandi fræðslu á Barnasáttmálanum og verkefninu sjálfu. Það að börn taki þátt í samfélagsþróun getur snúið að þáttum eins og; þróun leiksvæða, barnvænni hönnun nýrra húsa sem þau nýta, breytingu á leiðarkerfum almenningsamganga og að haft sé samráð við börn varðandi skólanámskrár og agastefnur innan skólanna svo dæmi séu tekin. Þátttaka barna er algjört skilyrði við uppbyggingu barnvænna sveitarfélaga; börn eiga rétt á að á þau sé hlustað og að skoðanir þeirra hafi vægi í ákvarðanatöku. Hinsvegar er vert að hafa í huga að innleiðingarferlið er ekki nóg í sjálfu sér, það er einungis leið til framkvæmdar en það er framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar sem mun stuðla að raunverulegum úrbótum.

Það er mikilvægt að skilja undirstöðuatriði Barnasáttmálans og grundvöllur þess að byggja upp barnvænt sveitarfélag liggur í hinum fjórum grunnstoðum Barnasáttmálans. Aðgerðaáætlunin þjónar því hlutverki að búa til ramma fyrir innleiðingu verkefnisins.

2. grein - Jafnræði – bann við mismunun: Barnvænt sveitarfélag heldur utan um öll börn og aðstoðar sérstaklega þau börn sem eru upplifa mismunun eða takmarkað aðgengi að réttindum sínum. Mismunun hefur ólík áhrif á börn og börn upplifa mismunun vegna ólíkra þátta – þau geta búið við fátækt, fötlun, tilheyrð minnihlutahópum og sum búa við vanrækslu eða ofbeldi.

3. grein - Það sem barninu er fyrir bestu: Barnvænt sveitarfélag tryggir hagsmuni barna í öllum málum sem snúa að málefnum þeim tengdum. Börn í forgrunni og í forgangi er einkennismerki barnvæns sveitarfélags. Flestar aðgerðir sveitarstjórnar hafa áhrif á börn, beint

eða óbeint, og því er mikilvægt að allir séu meðvitaðir um áhrif núverandi og nýrra stefna á börn.

6. grein – Réttur til lífs og þroska: Barnvænt sveitarfélag leitast við að hámarka lífsgæði og þroska allra barna sveitarfélagsins og skapar á sama tíma bestu mögulegu aðstæður fyrir góða barnæsku. Þroski í samhengi Barnasáttmálans, nær yfir andlegan, líkamlegan, siðferðislegan, tilfinningalegan, sálfræðilegan og félagslegan þroska barnanna.

12. grein – Réttur til að láta skoðanir sínar í ljós og til að hafa áhrif: Í barnvænu sveitarfélagi eru börn ekki bara sýnileg, það heyrir líka í þeim. Stuðlað er að þátttöku þeirra á öllum þeim málefnum sem snúa að þeim, sem tryggir á sama hátt frelsi þeirra til að tjá skoðanir sínar. Þá er einnig tryggt að skoðanir þeirra séu teknar alvarlega – í stjórnkerfinu, skólanum og innan fjölskyldunnar. Ferlið við að byggja upp barnvænt sveitarfélag krefst þess að börn séu bæði virkir og upplýstir þátttakendur.

Innleiðingarferlið

Innleiðingarferlið tekur um tvö ár og skiptist í átta skref. Sveitarfélagið stígur þau skref með það að markmiði að þekkja, virða og uppfylla réttindi barna. Þegar tvö ár eru liðin getur sveitarfélagið sótt um viðurkenningu frá UNICEF á Íslandi. Sú viðurkenning er háð því að starfsfólk UNICEF meti það svo að innleiðingarferlið hafi verið réttindum barna í sveitarfélaginu til framdráttar. Þá er skilyrði að aðgerðaáætlun verkefnisins hafi verið fylgt eftir. Innleiðingarferlinu má líkja við spirál sem lýkur ekki að áttunda skrefi loknu. Til að viðhalda viðurkenningunni sem barnvænt sveitarfélag þarf sveitarfélagið að endurtaka innleiðinguna, setja ný markmið og óska eftir nýju mati frá UNICEF á Íslandi að tveimur árum liðnum.



Þegar bæjarstjórn hefur formlega samþykkt innleiðingu líkansins og stofnaður hefur verið stýrihópur verkefnisins hefst innleiðingarferli barnvæns sveitarfélags. Það er fyrsta skref. Annað skrefið felur í sér kortlagningu á stöðu barna í sveitarfélaginu.

Kortlagningin er grundvöllur aðgerðaáætlunar verkefnisins og býr til ramma fyrir gagnaöflun sem stuðst er við í innleiðingarferlinu. Niðurstöður kortlagningar móta aðalatriði aðgerðaáætlunarinnar og sýna fram á þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að ráðast í. Út frá niðurstöðum kortlagningar og samtali við einstaklinga þvert á svið og þjónustu, forgangsraðar stýrihópurinn helstu markmiðum aðgerðaáætlunarinnar. Gerð aðgerðaáætlunar er fjórða skref innleiðingarferlisins og þegar hún hefur verið samþykkt fylgir stýrihópur þeim markmiðum

eftir sem þar eru sett fram. Þegar aðgerðaáætlunin telst uppfyllt skilar sveitarfélagið skýrslu til UNICEF um framvindu verkefnisins og samtökin meta í framhaldinu hvort henni hafi verið fylgt eftir og réttindi barna í sveitarfélaginu höfð að leiðarljósi við innleiðingu hennar. Þá á sveitarfélagið möguleika á að hljóta viðurkenningu barnvænna sveitarfélaga. Til að sveitarfélagið geti haldið viðurkenningunni að tveimur árum liðnum þarf sveitarfélagið að halda innleiðingarvinnunni áfram, gera nýja kortlagningu og aðgerðaáætlun að tveimur árum liðnum.

Framkvæmd fyrstu skrefa innleiðingarferlis

Akureyrarbær er reiðubúinn að einhenda sér í þær aðgerðir sem nauðsynlegt er að fara í til að byggja upp raunverulega barnvænt sveitarfélag með því að tryggja þátttöku barna og gera sjónarmiðum barna skil í öllum viðeigandi ákvarðanatökum. Sú vinna hófst að stóru leyti með innleiðingarferli barnvæns sveitarfélags þegar kortlagning hófst. Gögnum var safnað á margvíslegan máta og stuðst var við ólíkar rannsóknaraðferðir við gagnaöflun.

Aðgerðaáætlunin byggir á fræðilegum heimildum sem eru til um önnur barnvæn sveitarfélög ásamt gögnum um stöðu barna og ungmenna á Akureyri. Stuðst var við skýrslu UNICEF um stöðu barna á Íslandi frá 2011. Einnig var stuðst við skýrslu Dr. Ársæls Arnarsonar „*Heilsa og lífskjör skólanema á Akureyri í innlendum og alþjóðlegum samanburði*“ frá 2014 og skoðað hvaða atriði ættu heima í aðgerðaáætlun. Þær niðurstöður voru bornar saman við niðurstöður sömu skýrslu 2018. Stýrihópur fór vandlega yfir gátlista barnvænna sveitarfélaga frá UNICEF og svaraði þeim, þar sást bersýnilega hvaða atriði þurfti að leggja áherslu á í þessari fyrstu aðgerðaáætlun. Farið verður yfir gátlistana í hvert sinn sem kortlagning á sér stað. Þá var spurningakönnun lögð fyrir börnum í 4.-10. bekkjum í grunnskólum Akureyrar til að kanna þekkingu þeirra á eigin réttindum. Að auki var gögnum aflað á stórþingi ungmenna 2017 sem sett var upp í formi þjóðfundar og niðurstöður umræðna greindar. Þá var gögnum einnig aflað með viðtölum við rýnihópa barna. Rætt var við hóp barna af erlendum uppruna, börn sem flosnað hafa upp úr námi, ásamt því að hópar barna ræddu samgöngumál á Akureyri, lýðheilsumál og tómstundir. Þessum gögnum verður safnað áfram og þannig verða til viðmið fyrir þróun og gang verkefnisins barnvænt sveitarfélag.

Kortlagning og helstu niðurstöður

Hér að neðan má sjá yfirlit yfir helstu gögn sem aflað var og notuð voru við kortlagninguna, þar á eftir verður fjallað ítarlega um helstu aðferðir:

Höfundur/heimild	Heiti	Ár	Notagildi
Ársæll Arnarsson	<i>Heilsa og lífskjör skólanema á Akureyri í innlendum og alþjóðlegum samanburði</i>	2018 2014	Stuðningur í samanburði
Barnavernd	Fjöldi tilkynninga á málum sem tekin voru til meðferðar	2017	Skoða fjölda tilkynninga á móti fjölda barna
Embætti landlæknis	<i>Lýðheilsuvísar 2016 og 2017 – Akureyrarbær í samanburði við aðra íbúa heilbrigðisumdæmis Norðurlands og landið allt</i>	2017	Stuðningur í samanburði
Samfélagssvið Akureyrarbæjar	Frístundastyrkir	2018	Greining á nýtingu frístundastyrks höfð til hliðsjónar
Samfélagssvið Akureyrarbæjar	Stórþing barna	2017	Stuðst við niðurstöður stórþingsins og notaðar til samanburðar
Samfélagssvið Akureyrarbæjar	Rýnihópar barna	2018	Fimm rýnihópar, niðurstöður notaðar til samanburðar
Unicef	<i>Staða barna á Íslandi</i>	2011	Til viðmiðunar í gagnaöflun
Unicef	Spurningakönnun í 4. – 10. bekk	2018	Til samanburðar á þekkingu á réttindum barna fyrir og eftir innleiðingarferli, þá verður könnun endurtekin
Unicef	Gátlisti Barnvæns sveitarfélags	2018	Til hliðsjónar við gerð aðgerðaáætlunar

Stórþing barna

Stórþing ungmenna var haldið í Hofi í desember 2017. Þingið sóttu fulltrúar þriggja efstu bekkja allra grunnskóla Akureyrarkaupstaðar og frá báðum framhaldsskólum bæjarins.

Á stórþinginu voru 109 börn skráð og komu þau úr öllum grunnskólum Akureyrar og báðum framhaldsskólunum. Það var gert ráð fyrir fjórum börnum úr hverjum árgangi unglíngastígs frá hverjum skóla. Einn fulltrúi kom frá Grímsey, þrír fulltrúar úr Hlíðarskóla og þrír úr Hríseyjarskóla. Að auki komu fjórir fulltrúar úr tveimur yngstu bekkjum framhaldsskóla Akureyrar; Verkmenntaskólanum og Menntaskólanum á Akureyri, samtals sextán börn. Starfsmenn þingsins sinntu hlutverki ritara og umræðustjóra og voru það starfsmenn frá Samfélagssviði Akureyrarbæjar, meðlimir stýrihóps sem fara með málefni Barnasáttmálans og starfsmenn frá grunnskólunum.

Viðfangsefni ungmennadagsins var tvíþætt, annars vegar fræðsla og hinsvegar var farið í vinnuhópa undir handleiðslu umræðustjóra þar semstaða ungmenna í sveitarfélaginu var rædd. Þá var dregin upp mynd af því sem betur mætti fara en einnig því sem vel væri gert.

Leikskólastig og yngsta stig grunnskólans unnu að verkefni um réttindatré, en í því fólst að kynna réttindin í Barnasáttmálanum fyrir þeim og kanna hvaða réttindi skipti yngstu börnin í bænum máli.

Umræðuspurningar voru fyrst lagðar fyrir stýrihóp Barnasáttmálans sem samþykkti hann athugasemdalaust og var þá endurskoðaður spurningalisti lagður fyrir ungmennaráð til samþykktar. Fjórtán hópar tóku þátt í umræðum sem hver skilaði sínum umræðupunktum sem þeir töldu mikilvægastir. Í hverjum hópi voru fimm til tíu ungmenni með einum umræðustjóra og einum ritara. Hlutverk umræðustjóra var að bera upp umræðupunkta en ekki að hafa áhrif á þær umræður sem sköpuðust. Það voru nokkur áhersluatriði sem komu ítrekað fram og vert er að minnast á. Þeir punktar sem mest vægi höfðu voru:

1. Öryggi

- *Það á að tryggja öryggi allra barna.*

2. Skóli og menntun

- *Það á að vera jafnt aðgengi að menntun fyrir öll börn.*

3. Kosningaréttur

- *Ef það á að lækka kosningaaldurinn þá þarf að bjóða ungmendum upp á stjórnmálafræðslu.*

4. Tímstundir

- *Það eiga að vera fjölbreyttir möguleikar á tímstundum.*

5. Samgöngur

- Það þarf að moka gangstéttir betur, bæta leiðarkerfi strætó og fjölga ferðum.

6. Heilbrigðisþjónusta

- Það vantar betri geðheilbrigðisþjónustu fyrir ungt fólk.

7. Rödd barna

- Það er nauðsynlegt að eiga rödd.

8. Hvað svo?

- Bæjarstjórnin þarf að hlusta á okkar skoðanir!

9. Draumabærinn Akureyri

- Okkur eru engin takmörk sett.

Það kom berlega í ljós að mikill áhugi var fyrir að endurtaka umræðuþing ungmenna en sá áhugi kom fram frá öllum þátttakendum þingsins, bæði ungmennum, riturum og umræðustjórum. Á þinginu skapaðist kjörinn vettvangur fyrir umræður og tækifæri fyrir ungmennin til að tjá skoðanir sínar svo á þær væri hlustað. Mikil ánægja var með þá fræðslu sem UNICEF bauð upp á í upphafi þings. Hún hafi verið fræðandi og ætti heima innan skólakerfisins. „Fræðsla um réttindi barna ætti að vera skyldufag í öllum skólum.“ voru orð ungmennanna á þinginu.

Á næsta stórþingi verður farið yfir aðalatriði stórþingsins 2017 og þær aðgerðir kynntar sem farið var í ásamt niðurstöðum.

Rýnihópar barna

Rýnihópar barna voru fimm. Lagt var upp með að ræða við börn um það sem helst brann á þátttakendum á stórþinginu og úr varð að þrjú rýnihópanna ræddu samgöngumál, lýðheilsu og tómstundir. Þá þótti mikilvægt að ná til þeirra ungmenna sem hugsanlega voru ekki þátttakendur á þinginu sjálfu og samanstóðu tveir rýnihópanna af börnum af erlendum uppruna og börnum sem hafa nú þegar eða eru að flosna upp úr námi. Umsjónarmaður innleiðingarverkefnisins hélt utan um þá rýnihópa. Ungmennaráð sá alfarið um tvo rýnihópa sem ræddu lýðheilsu og samgöngur, fann þátttakendur, lagði til umræðupunkta og framkvæmdu viðtölin sjálf. Þátttakendur tóku tækifærinu vel og voru reiðubúnir til að leggja sitt á vogaskálarnar og því varð niðurstaðan mun dýpri skilningur á upplifun barna á Akureyri. Viðtölin við rýnihópana voru hálfstöðluð og rannsakandi notaðist við viðtalsramma og opnar spurningar sem gaf viðmælendum kost á að tjá sig frjálst og á eigin forsendum með eigin orðalagi. Með opnum viðtölum spyr rannsakandi opinna spurninga og leyfir viðmælendum að

leiða viðtalið áfram eftir því hvað þeir telja mikilvægt og vera málefnið nauðsynlegt. Þar af leiðandi voru öll viðtöl hverju öðru ólík. Allir þátttakendur voru upplýstir um markmið viðtalsins og verkefnið sjálft. Þá var þeim gerður ljós sá möguleiki að geta hætt þátttöku hvenær sem er og að þeir stjórnuðu því hvaða upplýsingar þeir kysu að veita. Einnig var ítrekað að allar upplýsingar yrðu meðhöndlaðar samkvæmt ströngustu reglum um trúnað og nafnleynd og farið að íslenskum lögum varðandi persónuvernd. Viðtölin voru hljóðrituð og afrituð að því loknu orð fyrir orð. Eftir afritun var öllum upptökum eytt.

Niðurstöður rýnihópanna voru í samræmi við niðurstöður stórþings ungmenna. Ungmennin voru sammála því að á Akureyri væri gott að búa og öruggt og gott að vera. Þau upplifa stuðning frá skólakerfinu upp að vissu marki en kalla eftir aukinni sálrænni aðstoð og geðheilbrigðisþjónustu þegar á þarf að halda. Þau óska eftir meiri sveigjanleika í skóla og að andlegum veikindum sé sýndur meiri skilningur. Þau vilja fá að hafa áhrif á þá fræðslu sem er í boði í skólunum og þeim finnst matseðill skólanna of einhæfur. Þau vilja meira framboð af tómsundum og þeim finnst vanta upplýsingar um það sem er í boði eftir að námi lýkur. Þau fagna því öll að frítt sé í strætó sem þau nota mikið. Þau vilja minnka notkun á einkabílum og fegra bæinn þannig að fólk vilji nýta sér hjóla- og göngustíga meira. Þau voru öll sammála því að félagsleg samskipti skipta miklu máli og kom það þó nokkrum sinnum upp í viðtölum að vegna tímaskorts sökum skóla, heimalærdóms, vinnu og tómsunda gæfist lítill tími fyrir gæðastundir með vinum og fjölskyldu og það hefur áhrif á svefn ungmennanna.

Gert er ráð fyrir að rætt verði við rýnihópa með sama hætti og árið 2017, þeim verði kynntar niðurstöður frá fyrra ári og upplýstir um þær aðgerðir sem framkvæmdar voru í framhaldi af viðtölunum.

Önnur gögn

Skýrsla UNICEF „*Staða barna á Íslandi*“ frá 2011 var notuð til viðmiðunar um upplýsingaöflun þegar gagnaöflun hófst. Í skýrslum Dr. Ársæls Arnarssonar „*Heilsa og lífskjör skólanema á Akureyri í innlendum og alþjóðlegum samanburði*“ árin 2014 og 2018 er farið ítarlega yfir líðan barna á Akureyri í skóla ásamt því að skoða líkamsrækt, mataræði, heilsu, ofbeldi, vímuefnaneyslu og kynlíf.

Í skýrslu Ársæls frá 2014 kemur fram að um það bil 43% barna í 6. bekk á Akureyri upplifa að þau þurfi meiri stuðning til náms en þau fá nú þegar. Í 8. bekk lækkar sú tala niður í 33% og í 10. bekk er hún aftur orðin rúmlega 40%. Þá kom einnig fram í skýrslunni 2014 að börn í 6. og 8. bekk á Akureyri virðast líklegri til að upplifa depurð en unglingar annars staðar af landinu. Skýrslan 2018 sýnir hins vegar að depurð meðal skólabarna í 6. og 8. bekk á

Akureyri er svipuð og á landsvísu en virðist vera mun meiri í 10. bekk, þar sem rúm 14% finna fyrir depurð „hér um bil daglega“ samanborið við um 9% á landinu öllu og höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða sama hópinn sem upplifir meiri depurð en á landinu öllu og höfuðborgarsvæðinu 2014 og 2018, þ.e. börn sem voru í 6. bekk 2014 en í 10. bekk 2018. Samkvæmt skýrslunni 2018 er það að vera „mjög oft“ eða „oft“ einmana algengara á meðal grunnskólanema á Akureyri en annars staðar. Samkvæmt báðum skýrslunum eiga um 10% allra barna í 10. bekk erfitt með svefn á nærri því hverri nóttu. Þessar niðurstöður styðja enn frekar niðurstöður hvort tveggja stórþings ungmenna og rýnihópa barna þar sem meðal annars kom fram ósk um meiri sveigjanleika og skilning í námi þegar um slíka erfiðleika er að ræða. Þá var einnig stuðst við „*Lýðheilsuvísu 2016 og 2017 – Akureyrarbær í samanburði við aðra íbúa heilbrigðisumdæmis Norðurlands og landið allt.*“

Upplýsingum var aflað frá deildarstjóra ípróttamála um nýtingu frístundastyrks. Einnig var aflað upplýsinga frá barnavernd á Akureyri um fjölda tilkynninga á málum sem tekin voru til meðferðar árið 2017. Þar má glögglega sjá að tilkynningum fer fjölgandi en fjöldi barna ekki, sem gefur til kynna að tilkynningar ná oftast yfir sömu börnin en áður og málin oft þyngri. Þá er það orðið svo að barnavernd hefur þurft vegna þessa, að forgangsraða þeim málum sem tekin eru til meðferðar.

Til að dýpka enn fremur skilning á líðan og upplifun barna frá Akureyri var stuðst við niðurstöður stórþings ungmenna og niðurstöður rýnihópa. Síðasti hluti gagnaöflunarinnar fólst í könnun sem lögð var fyrir öll börn í 4.-10. bekk á Akureyri. Þar var þekking þeirra á eigin réttindum og Barnasáttmálanum könnuð ásamt því að skoða aðra þætti sem snúa að líðan þeirra og upplifun. Markmið þeirrar könnunar er að skoða hvort þekking á réttindum barna hafi aukist eftir að innleiðingarferli lýkur, þá verður könnunin lögð fyrir aftur. Í úttekt sinni horfir UNICEF á það hvort orðið hafi aukning á þekkingu barna á réttindum sínum. Í þessari fyrstu spurningakönnun svöruðu 56.16% barna því játandi að hafa heyrt talað um Barnasáttmálann og 22.74% töldu sig geta nefnt fjögur réttindi úr Barnasáttmálanum. Það sem vakti hinsvegar athygli er að einungis 32.59% barna töldu réttindi Barnasáttmálans eiga við um sig. Aðspurð hvort þau töldu sig geta misst réttindi sín ef þau myndu brjóta af sér svöruðu 11.17% játandi á meðan 63.40% voru ekki viss hvort þau ættu á hættu að missa réttindi sín. Þá voru 73.77% barna sem svöruðu því að þeim liði mjög vel eða vel í skólanum og 5.4% barna sem svöruðu því að þeim liði mjög illa eða illa í skólanum. Þessar tölur eru örlítið lægri en þær sem fram komu í skýrslu Dr. Ársæls Arnarssonar. Þá fór stýrihópur Barnasáttmálans einnig yfir gátlista barnvænna sveitarfélaga og hafði til hliðsjónar við gerð aðgerðaáætlunarinnar. Þar kom strax í

ljós að réttindafræðslu er verulega ábótavant og þarf að ráðast í aðgerðir sem snúa að fræðslu fyrir börn og fullorðna.

Gagnaöflun um líðan og stöðu barna þarf að vera markviss og regluleg og gæta þarf þess að ná til ólíkra hópa barna. Þá þarf að gæta að þátttöku barna og gæta þess að ungmennaráð sé virkt og starfandi. Fulltrúar ungmennaráðs í stýrihóp bentu á að sveitastjórn hefur ekki reglulegt samráð við ungmennaráðið né hefur ungmennaráðið fengið fræðslu um stjórnkerfi sveitarfélagsins og því er nauðsynlegt að bæta úr því. Þá kom einnig í ljós að börn hafa hingað til ekki haft tækifæri til að hafa áhrif á samgöngur, gönguleiðir, skipulagningu eða mótun almenningsvæða. Börn eiga jafnframt oft erfitt með að nálgast upplýsingar og ráðgjöf t.d. hjá skólasálfræðingi, félagsráðgjafa eða öðrum fagaðila við hæfi, án aðkomu foreldra.

Aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar 2018-2019

Hér verða teknar saman þær aðgerðir sem stýrihópur innleiðingar Barnasáttmálans hefur forgangsraðað og mynda aðgerðaáætlun Akureyrarbæjar vegna innleiðingavinnunnar 2018/2019.

Aðgerðaáætlunin byggir á niðurstöðum kortlagningar á velferð og réttindum barna á Akureyri sem lýst er hér að framan. Í kortlagningarferlinu komu fram mörg atriði sem eiga heima í aðgerðaáætluninni. Við forgangsroðun verkefna var horft til þess að koma til móts við athugasemdirnar sem komu fram við gagnaöflun vegna aðgerðaáætlunarinnar. Tilgangurinn er einnig að innleiða verklag í stjórnsýslu bæjarins sem miðar að því að tryggja réttindi barna og tryggja að starfsfólk bæjarins geti hafist handa við að vinna með Barnasáttmálann með hagnýtum hætti. Barnasáttmálinn er hins vegar aldrei innleiddur í einu lagi, innleiðing mannréttinda er verkefni sem heldur alltaf áfram og er í raun aldrei fyllilega lokið. Þeim verkefnum sem þessi aðgerðaáætlun nær ekki til er því haldið haga og verða þau höfð til hliðsjónar við gerð næstu aðgerðaáætlunar 2020-2021.

Raddir barna

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs og sviðsstjóri fræðslusviðs

1. Unnið að því að auka almenna fræðslu fyrir ungmenni innan skólanna í samráði við ungmennin sjálf. Dæmi: stjórn málafræðslu, kynfræðslu, forvarnafræðslu, jafnréttisfræðslu, umhverfisfræðslu eða fræðslu um önnur samfélagsmál eftir óskum barnanna.

Aðgerðir

- Kannað verði meðal barna og ungmenna hvar mestur áhugi liggur á almennri fræðslu.
Umsjón: Sviðsstjóri samfélagssviðs, sviðsstjóri fræðslusviðs og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Lokið í maí 2019.

Árangursviðmið: Samanlagðar athugasemdir frá hópum í gagnasöfnunarferli aðgerðaáætlunarinnar verði færri milli ára. Könnun nýtt í skipulagningu á fræðslu til að fá fram óskir ungmenna.

- Skipulag námskeiða/fræðslu fyrir grunnskólabörn í samstarfi við ungmennaráð á grundvelli niðurstaðna úr könnun.

Umsjón: Sviðsstjóri samfélagssviðs, sviðsstjóri fræðslusviðs og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna

Tímarammi: Fræðsluáætlun keyrð eitt ár í senn.

Árangursviðmið: Námskeiðsmat þátttakenda. Mat á fjölda og fjölbreytni fræðslutilboða miðað við óskir sem koma fram í könnun.

2. Börnum og ungmönnum verði gert kleift að koma á framfæri tilkynningum um mál er þau varða til sveitarfélagsins.

Aðgerðir

- Unnið verði að hönnun á viðmóti þar sem börn og ungmenni geta komið á framfæri athugasemdum eða tilkynningum til bæjarins um mál er þau varða. Skilgreina þarf umsjónarmenn með ábendingunum og ferli fyrir ábendingar innan stjórnkerfisins.

Umsjón: Sviðssjóri stjórnsýslusviðs og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Lokið árið 2019. Tekið í notkun vorið 2020.

Árangursviðmið: Viðmótið verði reynsluprófað fyrir árslok 2019.

- Viðmótið verði kynnt fyrir börnum og ungmennum í bænum og þau hvött til að koma á framfæri ábendingum til bæjarins varðandi málefni er skipta þau máli.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Lokið vorið 2020.

Árangursviðmið: Fjöldi athugasemda og tilkynninga frá börnum til sviða sveitarfélagsins og skráning á afgreiðslu þeirra

3. Börn og ungmenni séu höfð með í ráðum þegar þjónusta er endurskipulögð og þegar unnið er að stefnumótun málaflokka er varða þau. Við stefnumótunarvinnu eru ungmenni markvisst kölluð að borðinu og fá tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri.

Aðgerðir

- Verkferlar þróaðir fyrir stjórnýslu og stofnanir sveitarfélagsins sem tryggja að ákvarðanir og stefnumótun er varðar börn sé send til umsagnar hjá ungmennaráði.

Umsjón: Sviðsstjóri stjórnýsluviðs, verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Verkferlar þróaðir á árinu 2019. Unnið eftir verklagi árið 2020.

Árangursviðmið: Fjöldi tilfella þar sem óskað er álits barna og ungmenna eru skráð eftir því hvaðan úr stjórnkerfinu þau berast. Fjöldi tilfella þar sem verkferlar eru nýttir eru skráð.

- Stefnumótunarþing skal haldið með hópi barna og ungmenna þegar um er að ræða stefnumótun sem hefur veruleg áhrif á líf barna s.s. skólamál og frístundastarf.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og formaður bæjarráðs.

Tímarammi: Á árinu 2019 verði gerð tilraun með stefnumótunarþing.

Árangursviðmið: Niðurstaða stefnumótunarþings kynnt viðkomandi ráði eða nefnd.

Samgöngur

Ábyrgð: Sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs

Ríkara samráð verði haft við börn og ungmenni varðandi samgöngumál, sérstaklega er varðar snjómokstur og áætlanakerfi strætisvagna.

Aðgerðir

- Verkáætlun fyrir snjómokstur verði endurskoðuð í samráði við börn og ungmenni
Umsjón: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags og forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar.
Tímarammi: Reglubundinn samráðsvettvangur vegna verkáætlunar um snjómokstur undirbúinn og prófaður skólaárið 2018-2019.
Árangursviðmið: Fjöldi samráðsfunda vegna verkáætlunar um snjómokstur
- Skólaleiðir séu í forgangi í verkáætlun um snjómokstur
Umsjón: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og forstöðumaður Umhverfismiðstöðvar.
Tímarammi: Verkáætlun um snjómokstur endurskoðuð með tilliti til skólaleiða skólaárið 2018 - 2019.
Árangursviðmið: Breytingar á verkáætlun um snjómokstur með tilliti til skólaleiða.
- Endurskoðun á leiðakerfi Strætisvagna Akureyrar (SVA) unnin í samstarfi við fulltrúa ungmennaráðs, út frá þörfum ungmenna með tilliti til skóla og tómstunda.
Umsjón: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og sviðsstjóri umhverfis- og mannvirkjasviðs.
Tímarammi: Tillögum safnað að vori 2019.
Árangursviðmið: Ungmennráð geri sjálfstæða ánægjumælingu á leiðarkerfi SVA í lok árs 2019.

Geðheilbrigðismál ungmenna

Ábyrgð: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs og sviðsstjóri fræðslusviðs

Heildstæð skoðun verði gerð á geðheilbrigðisþjónustu barna og ungmenna til þess að tryggja að gagnreyndar forvarnir séu til staðar. Ráðast skal í aðgerðir sem tryggja bætt aðgengi barna og ungmenna að geðheilbrigðisþjónustu. Unnið markvisst að forvörnum með því að nýta gagnreynt geðræktarstarf í leik- og grunnskólum með þrepaskiptu stuðningskerfi.

Aðgerðir

- Gert verði stöðumat á geðheilbrigðismálum barna og ungmenna þar sem sérstaklega er kannað hvort ákveðnir hópar barna séu verr staddir en aðrir og gerð áætlun um aðgerðir

sem miða að því að bæta aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu, bæta geðheilbrigði og tryggja forvarnir sem taka mið af gagnreyndum aðferðum. Leitað skal samstarfs við HSN.

Umsjón: Sviðsstjórar samfélagssviðs, fjölskyldusviðs og fræðslusviðs.

Tímarammi: Stöðumat liggi fyrir haustið 2019.

Árangursviðmið: Aðgerðaráætlun til tveggja ára samþykkt í árslok 2019. Endurmat á stöðu geðheilbrigðisþjónustu að loknum gildistíma aðgerðaráætlunar.

- Unnið verði að því að öll börn fái aðgang að sálfræðiþjónustu án milligöngu foreldra, heimilislækna og annarra.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs og sviðsstjóri fjölskyldusviðs.

Tímarammi: Tillögur að opinni sálfræðiþjónustu liggi fyrir í árslok 2019.

Árangursviðmið: Framlagðar tillögur frá árslokum 2019 um aukið aðgengi að sálfræðiþjónustu verði settar á dagskrá.

- Akureyrarbær eigi frumkvæði að samtali við framhaldsskóla bæjarins til að auka skilning og sveigjanleika gagnvart andlegum veikindum. Tækifærum barna og ungmenna til að leita sér aðstoðar vegna andlegrar vanlíðan verði aukin.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs.

Tímarammi: Fundir með fulltrúum framhaldsskóla vorið 2019.

Árangursviðmið: Forvarnaverkefni af öllum þrepum verði í boði. Fundargerðir samráðsfunda framhaldsskólanna og bæjaryfirvalda.

Ungmennaráð

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Unnið að því að skýra enn frekar hlutverk ungmennaráðs innan stjórnsýslunnar sem tryggir að það hafi beina tengingu við kjörna fulltrúa og starfsmenn bæjarins.

Aðgerðir

- Bæjarstjórn vinni að gerð verkferla sem skýra hlutverk ungmennaráðs og tryggja að bæjarstjórn, bæjarráð og nefndir sendi öll mál er varða börn og ungmenni til umsagnar. Verkferlarnir skulu einnig tryggja að ungmennaráð geti sett mál í formlegan farveg innan stjórnsýslunnar.

Umsjón: Verkefnastjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna, forseti bæjarstjórnar.

Tímarammi: Verkferlar frá bæjarstjórn tilbúnir vorið 2019.

Árangursviðmið: Skráning á fjölda mála þar sem óskað er eftir umsögn ungmennaráðs.

- Tryggt verði að ungmennaráð hafi forsendur til að vinna með stjórnkerfi bæjarins og hafi fengið fræðslu um hvernig koma eigi málefnum á framfæri. Ungmennaráð getur lagt fram óskir um fræðslu.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og forseti bæjarstjórnar/formaður bæjarráðs, stjórnsýsluvið.

Tímarammi: Ungmennaráð fær árlega fræðslu um stjórnsýslu sveitarfélagsins og hvernig ákvarðanir eru teknar.

Árangursviðmið: Fjöldi mála frá ungmennaráði sem fá afgreiðslu hjá bæjarstjórn og ráðum og nefndum. Upplýsingar frá bæjarstjórn og ráðum og nefndum um framvindu mála frá ungmennaráði. Ungmennaráð leggur mat á gæði fræðslunnar og skal ánægja og gagnsemi mæld.

- Ungmennanæving verði haldið ár hvert og tekur ungmennaráð virkan þátt í skipulagningu og vali á þema/umræðuefni. Unnin skal samantekt á stöðu og þróun mála er varðar börn og ungmenni og lögð fyrir á ungmennanævingi.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og ungmennaráð.

Tímarammi: Ungmennanæving haldið á hverju hausti.

Árangursviðmið: Samantekt á stöðu og þróun mála er varðar börn og ungmenni lögð fyrir ungmennanæving. Mat þátttakenda á ungmennanævingi á ánægju, upplifun og gagnsemi þess.

- Ungmennaráð kynni á hverju ári starfsemi ráðsins fyrir börnum og ungmennum bæjarins. Börn og ungmenni geti haft samband við ráðið með málefni er þeim þykir mikilvægt að koma á framfæri við bæjaryfirvöld. Kynntar verði leiðir til að hafa samband við ráðið t.d. gegnum tölvupóst eða samfélagsmiðla ráðsins.

Umsjón: Ungmennaráð og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Áætlun um kynningu á ungmennaráði og starfsemi þess tilbúin í árslok 2018.

Árangursviðmið: Kynningar ungmennaráðs meðal barna og ungmenna fari fram í öllum skólum, þær skráðar og lögð fyrir könnun um upplifun þeirra af kynningunum. Samstarf við skóla um þátttöku nemenda í kynningum ungmennaráðs. Upplýsingar um ungmennaráð á heimasíðu bæjarins uppfærð eftir þörfum.

- Ungmennaráð fundi með börnum og ungmennum sem sitja í skóla- og nemendaráðum.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og ungmennaráð.

Tímarammi: Fundir ungmennaráðs með börnum og ungmennum í skóla- og nemendaráðum verði haldnir að minnsta kosti einu sinni á ári.

Árangursviðmið: Fundir í öllum grunnskólum með börnum og ungmennum í skóla- og nemendaráðum.

Skóla- og nemendaráð

Ábyrgð: Sviðsstjóri fræðslusviðs

Tryggt verði að nemendur eigi fulltrúa í öllum skólaráðum lögum samkvæmt og að nemendaráð sé starfandi við alla skóla bæjarins. Tryggja þarf að börn sem sitja í ráðunum fái fræðslu um hlutverk sitt og hvert þau geti leitað eftir frekari upplýsingum eða stuðningi vegna þess. Hlutverk og verklag ráðanna sé skýrt, samræmt og reglulega endurskoðað.

Aðgerðir

- Tryggt að tveir fulltrúar nemenda sitji í skólaráðum allra grunnskóla bæjarins og þeir kosnir samkvæmt reglugerð um skólaráð. Fulltrúunum standi til boða fræðsla um hlutverk sitt og stuðningur vegna mála sem upp geta komið í ráðunum.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs.

Tímarammi: Hlutverk og verklag skóla- og nemendaráða samræmt og samþykkt haustið 2019.

Árangursviðmið: Samantekt á fundargerðum skólaráða og nemendaráða á heimasíðum skólanna skal vera aðgengileg í öllum skólum í lok árs 2019.

- Unnið að reglum og verklagi vegna skóla- og nemendaráða og skulu þær yfirfarnar í upphafi hvers skólaárs eftirleiðis.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs.

Tímarammi: Lok árs 2019.

Árangursviðmið: Til verði reglur og verklag vegna skóla- og nemendaráða og þær yfirfarnar í upphafi hvers skólaárs.

- Nemendur fái fræðslu um skólaráð og hlutverk þess áður en þeir taka sæti í ráðinu. Útbúinn verði fræðslupakki með hliðsjón af *Handbók um skólaráð – fyrir skólaráð* sem Heimili og skóli hefur gefið út.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs.

Tímarammi: Fræðsla samkvæmt fræðslupakka til fulltrúa í ráðunum haustið 2019.

Árangursviðmið: Mat þátttakenda á fræðslu sem þeir sóttu þar sem fram kemur ánægja og gagnsemi.

- Tryggt að nemendaráð starfi í öllum grunnskólum bæjarins.

Umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs, verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna

Tímarammi: Hvert skólaár.

Árangursviðmið: Árlegt stöðumat á starfsreglum nemendaráða, starfssemi þeirra og áhrifum á félags-, hagsmuna- og velferðarmál innan skólanna.

Stjórnarsýsla

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Markvisst verði tekið mið af réttindum barna við allar ákvarðanir er varða börn og ungmenni með einum eða öðrum hætti. Það verði gert meðal annars með því að innleiða notkun gátlista sem taka mið af réttindum og þátttöku barna; með því að safna gögnum um lífsskilyrði barna í sveitarfélaginu og nýta þau við ákvarðanatöku og stefnumótun; með því að eiga reglulegt samráð við ungmennaráð og leita upplýsinga hjá börnum og ungmennum um þjónustu bæjarins.

Aðgerðir

- Gátlistar sem tryggja að sjónarmið barna séu höfð til hliðsjónar við allar ákvarðanir er hafa áhrif á börn, verði innleiddir hjá öllum sviðum, ráðum og nefndum. Námskeið verði haldin fyrir starfsfólk bæjarins og kjörna fulltrúa í notkun gátlistanna.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Gátlistar tilbúnir vorið 2019. Ársfjórðungslega verði haldið námskeið í notkun gátlistanna fyrir nýja starfsmenn.

Árangursviðmið: Hjá öllum sviðum sveitarfélagsins verði gátlistar í notkun til að tryggja að réttindi barna séu virt.

- Útbúinn verði gagnagrunnur/viðmót sem heldur utan um allar rannsóknir og tölfræðileg gögn sem verða til um börn og ungmenni í bænum.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Undirbúningur hafinn að vinnu við gagnagrunn um rannsóknir árið 2019. Gagnagrunnurinn kynntur í upphafi árs 2020.

Árangursviðmið: Að gagnagrunnurinn verði tilbúinn í lok árs 2019.

- Gagnagrunnur/viðmót um tölfræðileg gögn um börn á Akureyri verði kynntur fyrir starfsfólki bæjarins og kjörnum fulltrúum, gögnin gerð aðgengileg og þau markvisst notuð við ákvarðanatöku og stefnumótun af hálfu bæjarins.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Greining gerð á hverju vori.

Árangursviðmið: Lifandi gagnagrunnur verði grundvöllur aðgerða í framhaldinu.

- Nýting frístundastyrks verði greind með það að markmiði að finna þau börn sem nýta ekki frístundastyrkinn. Foreldrum þeirra er boðið upp á aðstoð við að nýta styrkinn eða önnur tilboð um tómstundir með hagsmuni barna að leiðarljósi. Skimað eftir börnum sem ekki hafa nýtt styrkinn undanfarin 3 ár og skýringa leitað.

Umsjón: Deildarstjóri íþróttamála og deildarstjóri forvarna- og frístundadeildar.

Tímarammi: Eftir hvert skólaár.

Árangursviðmið: Betri nýtingartölur milli ára. Skoða fjölbreitni á frístundaframboði þar sem hægt er að nýta frístundastyrk með það fyrir augum að mæta þörfum hvers og eins.

Fræðsla

Ábyrgð/: Sviðsstjórar fræðsluviðs, fjölskylduviðs og samfélagssviðs

Boðið verði upp á fræðslu sem tryggi að allir starfsmenn og kjörnir fulltrúar auk barna og ungmenna sem búa á Akureyri hafi þekkingu á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og geti sett réttindin samkvæmt honum í samhengi við daglegt líf barna og ungmenna. Barnasáttmálinn er nýttur sem gæðastjórnunarverkfæri af starfsfólki og kjörnum fulltrúum.

Aðgerðir

- Samþykkt verði skýrt verklag um tilkynningaskyldu starfsfólks sem vinnur með börnum (viðbragðsáætlun).

Umsjón: Forstöðumaður barnaverndar.

Tímarammi: Verklagið kynnt fyrir árslok 2019 og yfirfarið árlega.

Árangursviðmið: Boðið upp á reglulega fræðslu um viðbragðsáætlun. Fjöldi námskeiða og dreifing þeirra innan bæjarkerfisins. Lögð skal fyrir könnun um gagnsemi fræðslunnar.

- Börn og ungmenni frá 4. bekk og upp í 10. bekk fái fræðslu um tilkynningaskyldu, verklag sveitarfélagsins og viðbragðsáætlun.

Umsjón: Forstöðumaður barnaverndar og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Kynningar- og fræðsluleiðir útfærðar fyrir árslok 2019.

Árangursviðmið: Fjöldi barna sem fræðslan nær til ár hvert. Leggja skal fyrir könnun um gagnsemi fræðslunnar.

- Ungmennaráð fái fræðslu um barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann og sinnir jafningafræðslu til barna í grunnskólum bæjarins. Ungmennaráð meti fyrir hvaða aldurshóp fræðslan henti. Jafningjafræðslan verði greidd samkvæmt samkomulagi.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og ungmennaráð.

Tímarammi: Ungmennaráð fái fræðslu í upphafi hvers árs. Áætlun um jafningjafræðslu liggi fyrir að hausti 2019.

Árangursviðmið: Matslistar frá þátttakendum sem mæla ánægju með fræðsluna og þekkingu á Barnasáttmálanum.

- Allt starfsfólk Vinnuskóla Akureyrar fái fræðslu um barnvæn sveitarfélög og Barnasáttmálann.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og Félagsmiðstöðvar Akureyrar.

Tímarammi: Fyrsta fræðslan verði sumarið 2019.

Árangursviðmið: Matslistar frá þátttakendum sem mæla ánægju með fræðsluna og þekkingu á Barnasáttmálanum.

- Regluleg fræðsla um Barnasáttmálann verði í boði fyrir kennara, starfsfólk grunnskóla og aðra sem starfa með og fyrir börn.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Fræðsluáætlun liggi fyrir haustið 2019.

Árangursviðmið: Matslistar frá þátttakendum sem mæla ánægju með fræðsluna og þekkingu á Barnasáttmálanum.

- Efni um innleiðingu Barnasáttmálans sé aðgengilegt og uppfært á heimasíðu sveitarfélagsins.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Uppfært jafnóðum.

Árangursviðmið: Heimasíðan endurspegli rétta stöðu verkefnisins hverju sinni.

- Hver stofnun Akureyrarbæjar tilnefnir réttindafulltrúa sem hefur það hlutverk að vinna að innleiðingu Barnasáttmálans innan sinnar starfsstöðvar og fræða samstarfsfólk sitt um Barnasáttmálann og innleiðingu hans.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður.

Tímarammi: Réttindafulltrúar tilnefndir á öllum sviðum í upphafi árs 2019.

Árangursviðmið: Fjöldi funda verkefnisstjóra barnasáttmála og réttindafulltrúa barna.

Könnun meðal réttindafulltrúa á áhrifum þeirra og mikilvægi hlutverks þeirra verði hluti af skýrslu á 6. þrepi innleiðingarferilsins.

- Umsjónarmaður innleiðingar Barnasáttmálans, verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna á Akureyri, hefur umsjón með starfsneti réttindafulltrúanna, fundar með þeim tvisvar á ári og skipuleggur reglulega fræðslu um Barnasáttmálann og tengd málefni.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna

Tímarammi: Fundaáætlun réttindafulltrúa liggja fyrir í mars 2019.

Árangursviðmið: Funda- og fræðsluáætlun réttindafulltrúa. Könnun á gagnsemi fræðslunnar lögð fyrir.

Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna

Ábyrgð: Sviðsstjóri samfélagssviðs

Samfara því að Akureyri innleiðir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna leggur UNICEF áherslu á að stofnað verði embætti réttindagæslumanns barna á Akureyri. Réttindagæslumaður ber ábyrgð á innleiðingu Barnasáttmálans og verkefninu barnvænt sveitarfélag. Hann er sérstakur tengiliður við börn á Akureyri, stjórnarsýsluna og ungmennaráð. Réttindagæslumaðurinn ber ábyrgð á að aðgerðaáætlun barnvæns sveitarfélags og eftirfylgni með henni og kallar eftir gögnum því til staðfestingar. Embættið talar máli barna innan kerfisins og kallar rétta aðila að borðinu þegar svo ber undir ásamt því að sinna fleiri verkefnum er hafa með innleiðingu Barnasáttmálans og velferð barna á Akureyri að gera.

Aðgerðir

- Að hefja undirbúning að embætti verkefnisstjóra barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna á Akureyri. Embættisbréfið taki til þátta sem lýst er hér að ofan.

Umsjón: Bæjarstjórn

Tímarammi: Lokið í janúar 2019.

Árangursviðmið: Starfslýsing og ráðningarsamningur. Viðkomandi hefji störf í upphafi ársins 2019.

- Að hefja undirbúning að opnun skrifstofu réttindagæslumanns barna og skal hún vera aðgengileg börnum og í barnvænu umhverfi. Opnunartími skrifstofunnar verði

aðlagður að skólatíma. Réttindagæslumaður heimsækir alla grunnskóla og á gott og stöðugt samtal við þá.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.

Tímarammi: Lokið í mars 2019.

Árangursviðmið: Starfsáætlun skrifstofu réttindagæslumanns barna.

- Réttindagæslumaður óskar eftir tilnefningum á réttindafulltrúum frá öllum starfstöðvum bæjarins. Þeir verða kallaðir saman tvisvar á ári og boðið upp á hagnýta fræðslu um Barnasáttmálann.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og sviðsstjóri samfélagssviðs.

Tímarammi: Lokið haustið 2019.

Árangursviðmið: Fundargerðir réttindafulltrúa. Leggja skal fyrir könnun um gagnsemi fræðslunnar.

- Réttindagæslumaður barna hefur umsjón með ungmennaráði.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna og sviðsstjóri samfélagssviðs.

Tímarammi: Alltaf í gangi.

Árangursviðmið: Fundargerðir, samþykktir og þátttaka ungmennaráðs.

- Réttindagæslumaður stendur fyrir fræðslu um Barnasáttmálann og barnvæna nálgun fyrir kjörna fulltrúa og bæjarstjóra við upphaf hvers kjörtímabils eða oftár.

Umsjón: Verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna

Tímarammi: Undirbúningur að loknum kosningum hverju sinni.

Árangursviðmið: Upplýsingar um stöðu frá kjörnum fulltrúum og bæjarstjórn.

Réttindaskóli og Réttindafrístund UNICEF

Ábyrgð/umsjón: Sviðsstjóri fræðslusviðs

Fyrstu Réttindaskólum UNICEF á Íslandi var veitt viðurkenning 20. nóvember 2017, á afmælisdegi Barnasáttmálans. Í ljósi þess að Akureyrarbær stefnir að því að verða barnvænt sveitarfélag er það talið jákvætt skref að innleiða einnig réttindaskóla- og frístundaverkefni UNICEF. Í verkefninu er lögð áhersla á að skapa jákvæðan skólabrag sem byggir á þátttöku, jafnrétti og virðingu. Markmið Réttindaskóla og Réttindafrístundar er að byggja upp

Lýðræðislegt náms- og frístundaumhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkja getu barna til að verða gagnrýnari, virkari og hæfari þátttakendur í nútímasamfélagi. Með það að markmiði eru grundvallarforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir innan skólans auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, kennara, frístundaleiðbeinanda og annarra starfsmanna skóla- og frístundar. Stefnt skal að því að hefja undirbúning að stofnun Réttindaskóla og Réttindafrístund á Akureyri.

Aðgerðir

- Kynna Réttindaskóla og Réttindafrístund UNICEF fyrir skólastjórnendum á Akureyri.
Umsjón: UNICEF og verkefnisstjóri barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.
Tímarammi: Tillögur liggi fyrir í lok árs 2019.
Árangursviðmið: Kynning á tillögum fyrir stofnunun og stjórnkerfi. Setja skal upp tímaáætlun um hvenær allir grunnskólar verði orðnir Réttindaskólar.
- Pólítískir fulltrúar og starfsmenn allra stofnana á Akureyri fá fræðslu um Réttindaskóla og Réttindafrístund UNICEF.
Umsjón: UNICEF og Verkefnisstjóri Barnvæns sveitarfélags/réttindagæslumaður barna.
Tímarammi: Gert samhlíða því að tillögur eru sniðnar, fyrir lok árs 2019.
Árangursviðmið: Leggja skal fyrir könnun sem mælir ánægju með fræðsluna.

Barnvæn sveitarfélög í barnvænum heimi

Barnvænt sveitarfélag er fyrst og fremst góð stjórnslá, sem skuldbindur sig til uppfylla Barnasáttmálann eins og hann var lögfestur árið 2013. Samkvæmt sáttmálanum er í raun öllum sveitarfélögum gert að tryggja að stjórnhættir þeirra feli í sér að börn séu í forgangi og að þau séu þátttakendur í öllum ákvarðanatökum sem snerta þau. Sem barnvænt sveitarfélag skuldbindur Akureyri sig til að tryggja að börn hafi raunverulegt tækifæri til að hafa áhrif á ákvarðanir sem snerta líf þeirra.

Eftir að aðgerðaáætlun hefur verið kynnt öllum ráðum og nefndum, og samþykkt í bæjarstjórn verður hafist handa við framkvæmd áætlunarinnar. Sú framkvæmd hefst með fræðslu innan stofnana og sviða Akureyrarbæjar. Þá skilar stýrihópur skýrslu til UNICEF, þar sem farið verður yfir ferli innleiðingarinnar og hvernig framkvæmd miðar. Að því loknu gerir UNICEF úttekt á framkvæmdinni. Markmiðið er að Akureyrarbær hlotnist viðurkenningu UNICEF sem barnvænt sveitarfélag.

Barnvæn sveitarfélög eru að þróast í öllum heimshornum sem sýnir ótvírætt fram á vilja og framsækni samfélaga um að uppfylla Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í verki. Akureyrarbær stefnir að því að verða fyrsta sveitarfélag landsins sem fær viðurkenningu UNICEF á Íslandi sem barnvænt sveitarfélag og leiða þar með vegferðina á landsvísu.